

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935, um einkasölu á rafvélum,
rafáhöldum o. fl.

95

4. sept.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl., 13. marz 1935, bætist 2. málsgrein á þessa leið:

Rafmagnseldavélar skal henni þó heimilt að selja almenningi án milligöngu ofangreindra aðilja.

Fjármálaráðuneytið, 4. september 1936.

Eysteinn Jónsson.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað
frá 31. marz 1928.

96

9. sept.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er hér með staðfest eftirrituð

BREYTING

á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Alifugla má ekki hafa á kaupstaðarlóðinni frá 20. apríl til 10. október, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu. Dúfur skulu alltaf hafðar í öruggri gæzlu, svo að þær geti ekki flogið um óhindraðar.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. september 1936.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.